

Kristín Ástgeirsdóttir oddviti Kvennalistans í Reykjavík *Alþ. bl. 12.1.195*

Klúður hjá Kvennalistanum

– hvernig staðið er að framboðsmálum. Ákvörðun um nýtt forval í Reykjanesi „kemur leiðinlega út gagnvart einstaklingum“ en er ekki kvennakúgun einsog Helga Sigurjónsdóttir staðhæfir, segir Kristín.

Málefni Kvennalistans eru nú mjög í brennidepli, einkum framboðsmál í Reykjavík og Reykjanesi. Á Reykjanesi hefur verið ákefnið að hundsa niðurstöður forvals, þar sem Helga Sigurjónsdóttir varð í efsta sæti, og efna til annars forvals þar sem Kristín Halldórsdóttir, fyrir um þingkona, gefur kost á sér. Í Reykjavík fór fram leynilegt og fámennt forval, og síðustu vikur hafa kvennalistakonur tekist á bakvið tjöldin um skipan framboðslistans. Alþýðublaðið raðdi við Kristín Ástgeirsdóttur, einn helsta leiðtoga Kvennalistans, um málefni flokksins.

Er fundur hjá Kvennalistanum á fimmtudagskvöld þar sem verður raðað á framboðslistann til Alþingis?

„Það verður félagsfundur annað kvöld (í kvöld) þar sem farið verður yfir drög að stefnuskrá og tillaga um uppstillingu á framboðslista Kvennalistans í Reykjavík verður kynnt til umræðu. Ef ekki koma fram neinar athugasemdir þá á ég von á því að hún verði samþykkt.“

Nú hefur Kvennalistinn, meðal

annars eftir atburðina í Reykjaneskjördæmi, verið gagnrýndur fyrir ólyðræðisleg vinnubrögð, hverju svarar þú því til?

„Það er mjög erfitt fyrir mig að dæma um vinnubrögð sem ég hef ekki fylgst með af eigin raun. Parna virðist samt vera um klúður að ræða. Félagsfundur Kvennalistans er æðsta vald hans. Það hafa verið haldnir margir félagsfundir á Reykjanesi þar sem fyrri ákvarðanir hafa verið teknar til endurskoðunar. Annars er þetta leiðindaklúður og vonandi tekst að ná niðurstöðu út úr þessari lokaröðun. En úr því sem komið var, var þá ekki bara best að byrja upp á nýtt?“

Helga Sigurjónsdóttir segir að sú ákvörðun að endurtaka forvalið í Reykjanesi sé mesta kvennakúguun sem hún hefur orðið fyrir. Er það sæmandi Kvennalistanum?

„Ég get ekki fallist á það að þarna sé um einhverja kvennakúgun að ræða. Þarna er hópur kvenna að reyna að komast að niðurstöðu. Þarna hefur hvorki verið sátt um vinnubrögð né það að Kristín Halldórsdóttir skuli hafa gefið kost

á sér. Þetta kemur leiðinlega út gagnvart einstaklingum. Þetta er ekki nein kvennakúgun en þetta er klúður. Konumar á Reykjanesi verða nú að hefjast handa við að semja um frið og sættir á sínuheimili.“

Er grasrótin ekkert kalin þegar kallað er til nýs forvals til að koma gamalli þingkonu inn á þing á ný, í stað konu sem er frekar ný i starfi listans og hafði auk þess hlutið brautargengi félaga sinna í forvali?

„Í fyrsta lagi er Helga Sigurjónsdóttir ekki ný í starfi fyrir Kvennalistann. Hún hefur verið með frá upphafi, þó hún hafi starfað mismikið í gegnum tíðina. Spurningin er alltaf um hverjar konur vilja sjá sem sína fulltrúa. Það var hópur sem vildi fá Kristín Halldórsdóttur til að leiða listann. Það eru margar hæfar og góðar konur á Reykjanesi, ef það er vilji þeirra að fá hana í fyrsta sætið, þá verður það að koma útúr þessu forvali, en margar fleiri gefa þar kost á sér. En annars finnst mér þetta mál allt saman bera frekar vott um líf í Kvennalistanum en kal.“



A-mynd: E.OI.

Kristín Ástgeirsdóttir um þau ummæli Helgu Sigurjónsdóttur að Kvennalistinni beiti „kvennakúguun“ með því að endurtaka forval í Reykjanesi: Þetta kemur leiðinlega út gagnvart einstaklingum. Þetta er ekki nein kvennakúgun en þetta er klúður.

Finnst þér eðlilegt að þátttakendur í forvali Kvennalistans í

Reykjavík fái ekki að vita hver útkoma þeirra sjálfra var?

„Nei, mér finnst það ekki eðlilegt en það var samþykkt á fjölmennum félagsfundi að hafa þetta svona. Þetta var mjög ítarlega rætt en niðurstaðan var þessi.“

Okkar heimildir herma að af sex efstu sætunum, séu fimm konur sem voru í hópi stofnenda Kvennalistans, númerandi þingkonur, varabingkonur, fyrrverandi borgarfulltrúi. Er þetta ekkert óeðlilega hæg endurnýjun í flokki sem leggur jafn mikið uppúr endurnýjun og Kvennalistinn?

„Þetta er einfaldlega rangt og þegar listinn lítur dagsins ljós kemur í ljós hvaða endurnýjun á sér þar stað. Að lokum vil ég koma á framfari athugasemd vegna skrifas Alþýðublaðsins um mig, og það að ég hafi verið að beita mér gegn einhverjum ákveðnum konum í þessu forvali. Það hef ég ekki gert og ég er sátt við þá niðurstöðu sem nú er að fæðast. Ég tel að hún muni gefa okkur Kvennalistakonum kost á góðum sigri í vor.“